

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Hólmavíkur 1985—2005.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 19. nóvember 1985 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Hólmavíkur.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Hólmavíkur og Skipulagsstjórn ríkisins.

Uppdráttur þessi sem kemur í stað skipulagsuppdráttar af Hólmavík er staðfestur var af ráðuneytinu hinn 9. maí 1949.

Félagsmálaráðuneytið, 20. nóvember 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Línadal.

18. nóvember 1985

Nr. 427

REGLUR

um Þjóðveldisbæinn í Þjórsárdal.

1. gr.

Þjóðveldisbærinn í Skeljastaðalandi í Þjórsárdal er eign íslenska ríkisins. Bærinn er undir yfirstjórn forsætisráðuneytisins og ætlaður almenningi til fróðleiks um forna íslenska byggðarhefð á þjóðveldisöld. Hann má nota til kennslu og fræðithugana.

2. gr.

Varðveisla og dagleg stjórn bæjarins er í höndum þriggja manna hússtjórnar sem skipuð er af forsætisráðuneytinu til fjögurra ára í senn, að fengnum tillögum frá Þjóðminjasafni, Gnúpverjahreppi og Landsvirkjun. Ráðuneytið skipar formann hússtjórnar og ákvarðar þóknun fyrir störf hennar.

3. gr.

Þjóðveldisbærinn skal vera opinn almenningi yfir sumartímann á vissum tíma dags eftir því sem hússtjórn ákveður. Um aðra notkun bæjarins fer eftir ákvörðun hússtjórnar hverju sinni.

4. gr.

Hússtjórn sér um viðhald bæjarins og innbús. Hún ræður ennfremur starfsfólk til að gæta bæjarins og annast fyrirgreiðslu fyrir almenning og vegna kennslu og fræðimennsku.

5. gr.

Hússtjórn annast bókhald bæjarins og fjárreiður. Hún sendir forsætisráðuneytinu árlega endurskoðaða reikninga og skýrslur bænum viðkomandi eftir þörfum.

6. gr.

Hússtjórn ákvarðar aðgangseyri sem miðaður skal við að fjárhagslegur rekstrargrundvöllur bæjarins sé tryggður. Einnig aflar hússtjórn tekna með sölu bæklinga, póstkorta og minjagripa eftir því sem aðstæður leyfa.

7. gr.

Telji hússtjórn nauðsynlegt að fá fjárveitingu af fjárlögum vegna sérstakra framkvæmda skal hún gera tillögu um það til forsætisráðuneytisins.

Forsætisráðuneytið, 18. nóvember 1985.

F.h.r.

Guðmundur Benediktsson.

Guðrún Sigurðardóttir.
REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um staðsetningu lyfjabúða og
lyfjaútibúa nr. 27/1983.**

1. gr.

Eftirfarandi liðir 1. greinar hljóði svo:

„Vesturlandshérað:

- | | |
|-------------------------------------|-------------------------------------|
| 3. Ólafsvíkumdæmi:
Lyfjabúð. | 4. Stykkishólmsumdæmi:
Lyfjabúð. |
| 3.1. Hellissandur:
Lyfjaútibú. | 4.1. Búðardalur:
Lyfjaútibú. |
| 3.2. Grundarfjörður:
Lyfjaútibú. | |

Vestfjarðahérað:

- | | |
|---------------------------------------|--|
| 1. Patreksfjarðarumdæmi:
Lyfjabúð. | 2.2. Suðureyri:
Lyfjaútibú. |
| 1.1. Þingeyri:
Lyfjaútibú. | 2.3. Bolungarvík:
Lyfjaútibú. |
| 2. Ísafjarðarumdæmi:
Lyfjabúð. | 3. Hólmavíkumdæmi:
Hólmavík:
Lyfjaútibú frá
Ísafirði. |
| 2.1. Flateyri:
Lyfjaútibú. | |

Breytingum frá núverandi fyrirkomulagi samkvæmt framansögðu, skal komið á í áföngum samkvæmt ákvörðun ráðherra hverju sinni.“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. nóvember 1985.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.